



**Bygðastofnun**  
**Próunarsvið**

Alþingi  
Erindi nr. P 137/SOS  
komudagur 3.7.2009

Dagsetning  
02.07.2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Efnahags- og skattanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Bygðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, mál 116.


Hlutverk Bygðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Bygðastofnun telur að ráðgjöf af því tagi sem stofnunni er ætlað að veita sé nauðsynleg við núverandi aðstæður. Bygðastofnun hefur mikla reynslu af stuðningi við atvinnufyrirtæki og hjá stofnuninni er sérstakt fyrirtækjasvið, þar sem mikil reynsla er við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja í rekstrarvanda. Stofnunin vill einnig benda á að um allt land eru starfandi atvinnuþróunarfélög, sem einnig hafa mikla reynslu á þessu sviði.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Bygðastofnunar



Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Frindi nr. P 137/612*  
*komudagur 13.7.2009*

Reykjavík, 8. júlí 2009  
EBI/--

**Efni. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum.um Þskj. 147 - 116. mál.**  
*Tilv. 2009070001*

Bændasamtök Ísland telja málefnið gott og mæla með að tillagan verði samþykkt

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Eiríkur Blöndal

Alþingi  
Erindi nr. P 137/646  
komudagur. 9.7.2009

**CREDITINFO ÍSLAND**  
UPPLYSI AÐVÖÐUN SKILVIRKARI STJÖRNUN

Alþingi  
Efnahags- og skattanevnd  
150 Reykjavík

9. júl 2009

Creditinfo Ísland hf. hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðskuþróugleikum.

Samkvæmt tillögunni er ráðgjafastofu fyrirtækja m.a. ætlað eftirfarandi hlutverk:

- aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja að yfirfara rekstur
- semja við lánadrottna
- veita ráðgjöf um áframhaldandi rekstur eða stöðvun rekstrar
- leiða samvinnu við ýmsa aðila, s.s. dómstóla, endurskoðendur, skiptastjóra, ríkisskattstjóra og ábyrgðarsjóð launa
- kenna stjórnendum fyrirtækja að þekkja betur, og fyrr, viðvörunarmerki sem orsaka geta gjaldþrot
- lágmarka samsfélagslegar afleiðingar gjaldþrota fyrirtækja með því að grípa fljótt til aðgerða

Creditinfo telur rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við þingsályktunartillöguna og þann vanda sem henni er ætlað leysa.

I.

Markmið þingsályktunartillögunnar endurspeglast vel í því hlutverki sem ráðgjafarstofunni er ætlað að sinna. Í þeim tilgangi að varpa skýrara ljósi á aðstoðjandi vanda í rekstrarumhverfi íslenskrar fyrirtækja og um leið þörf fyrir raunhæfum úrræðum, er mikilvægt að setja hlutina í tölulegt samhengi.

	2008		2009	
	- þar af		- þar af	
	Greiðsluþrot	gjaldþrot	Greiðsluþrot	gjaldþrot
jan	139	41	183	74
feb	106	57	155	87
mar	140	77	281	99
apr	156	45	190	84
maí	142	75	195	66
jún	143	91	220	90
Samtals	826	386	1224	500

\*Tala fyrir júní 2009 er ekki endanleg þar sem 811 mál eru ekki komin til skráningar hjá Cif

Framangreindar upplýsingar eru unnar upp úr gögnum Creditinfo. Creditinfo skilgreinir „greiðsluþrot“ sem gjaldþrot, árangurslaust fjárnám eða tiltekinn fjöldi vanskilafærsna. Fjöldi þeirra fyrirtækja sem hafa lent í greiðsluþroti hefur aukist um tæplega 50% á milli árána 2008 og 2009, en tæplega 30% aukning er í fjölda gjaldþrota. Að auki er rétt að hafa í huga að 5.100 fyrirtæki eru í áhættuflokkum 9 og 10 skv. áhættumati Creditinfo, en í þeim flokkum eru þau fyrirtæki sem eru í verulegri hættu á að lenda í greiðsluþroti á næstu mánuðum.

Creditinfo spáði í byrjun árs að u.þ.b. 3.500 fyrirtæki færu í greiðsluþrot á árinu 2009 og var sú spá byggð á fyrrgreindu áhættumati félagsins (CIP-áhættumat). Í ljósi þess hve mörg fyrirtæki eru í áhættuflokkum 9 og 10, þá má ætla að spá félagsins gangi eftir.

Varhugavert er að horfa einungis á fjölda gjaldþrota þegar vandamál íslenskra fyrirtækja eru skoðuð þar sem kröfuhafar láta oft hjá líða að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Þannig er rekstrarstaða fyrirtækis sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá jafn slæm og fyrirtækis sem hefur verið sett í gjaldþrot. Framangreindar tölur ættu því að stuðla ennfrekar að brautargengi þingsályktunartillögunnar.

Þó tillagan gangi út á að aðstoða fyrirtæki sem eru í rekstrarvanda vill Creditinfo árétta að draga má úr þeim fjölda fyrirtækja sem líkleg eru til að lenda í greiðsluþroti á næstu mánuðum með tilteknum aðgerðum. Þannig hafa erlendir sérfræðingar félagsins, er hafa smíðað áður nefnt áhættumódel, m.a. kannað áhrif lækkunar stýrivaxta og verðbólgu á spá um greiðsluþrot fyrirtækja. Sé gert ráð fyrir lægri stýrivöxtum/verðbólgu en opinberar spár gera ráð fyrir, þá fækkar þeim fyrirtækjum er lenda í greiðsluþroti umtalsvert.

## II.

Creditinfo lýsir yfir stuðningi sínum við umrædda þingsályktunartillögu og telur fulla þörf á að koma henni til framkvæmda, sbr. hér að framan. Félagið telur mikilvægt að ráðgjafarstofa fyrirtækja eigi auðvelt með að greina á milli þeirra fyrirtækja sem líkleg eru til að geta komist hjá gjaldþroti og þeirra sem ekki verður bjargað, enda ólíkir ferlar sem unnið yrdi eftir.

Mikilvægt er að koma fyrirtækjum, sem líkleg eru til að lenda í greiðsluþroti, fljótt til hjálpar. Vandí slíkra fyrirtækja getur vaxið hratt á tiltölulega skömmum tíma og rekstur sem hefði mátt bjarga verður ekki bjargað ef of seint er gripið í taumana. Fyrirtæki þurfa því að vera vel upplýst um hvenær þau geta leitað til ráðgjafastofunnar og þeirri aðstoð sem þar er að fá. Creditinfo er reiðubúið til að veita aðstoð sína til að auðvelda síkt, án sérstaks endurgjalds.

Vissulega er það þannig að greiðsluferðleikar fyrirtækja eru þess valdandi að þau verði gjaldþrota eða fá á sig árangurslaust fjárnám. Að knýja fram slíkar málalyktir er kostnaðarsamt fyrir kröfuhafa og getur því verið til þess fallið að auka tap þeirra ef lítið eða ekkert fæst greitt upp í kröfu.

Það er tvennt sem rekur kröfuhafa áfram í innheimtuaðgerðum sínum, annars vegar möguleiki á að fá kröfu greidda - eða finna elgnir sem geta tryggt greiðslu kröfu - og hins vegar heimild til afskriftar kröfu. Ef tilkoma ráðgjafastofu fyrirtækja getur á einhvern hátt mætt þörfum kröfuhafa hvað þessi

atriði varðar, þá er líklegt að vel takist til. Af þeim sökum er rétt að víkja stuttlega að þessum tilteknum atriðum enda ljóst að samkomulag við kröfuhafa er iðulega forsenda áframhaldandi reksturs.


Mikilvægt er að ráðgjafarstofa fyrirtækja geti aflað upplýsinga um allar eignir og skuldir umbj. sinna og upplýst kröfuhafa um eigna- og skuldastöðu. Á þann hátt verður rekstur fyrirtækis gagnsærri og til þess fallinn að draga úr tortryggni kröfuhafa varðandi undanskot eigna og/eða að fyrirtæki greiði einum kröfuhafa meira en öðrum. Verði slíkt tryggt dregur verulega úr þörf kröfuhafa að fara í kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir, en ógagnsæi er gjarnan þess valdandi að lítili slaki er í innheimtuaðgerðum. Um leið skapast nýr samningsgrundvöllur á milli aðila, þar sem efndamöguleikar fyrirtækis eru metnir með raunsærri hætti en nú er. Slíkt eykur um leið líkur á því að fyrirtæki geti haldið áfram rekstri.

Kröfuhafar hafa þörf fyrir því að geta afskrifað kröfur, m.a. í þeim tilgangi að fá virðisaukaskatt endurgreiddan (þegar vara/þjónusta er seld greiðir seljandi vsk til ríkisins óháð því hvort krafa fái greidd). Til að slíkt sé unnt hafa skattayfirvöld gert kröfu um að afskrift kröfu grundvallist á árangurslausu fjárnámi eða gjaldþroti. Nauðsynlegt er að skattayfirvöld slaki á þessari kröfu og heimili afskrift kröfu á grundvelli yfirlýsingar ráðgjafastofunnar. Komi til þess að krafa greiðist síðar meir þá ber kröfuhafa, lögum samkvæmt, að greiða virðisaukaskatt af því sem hann fær greitt. Fyrirgreint úrræði mundi ekki hægga slíkri skyldu. Á þennan hátt hefðu kröfuhafar augljósan hag af góðu samstarfi við fyrirtæki í greiðsluferfiðleikum og um leið ráðgjafastofuna sem slíka.

Takist vel til með framangreind atriði er ljóst að draga mun verulega úr álagi á dómstóla og sýslumannsembættin um leið og ferli fyrir fyrirtæki í greiðsluvanda yrði skilvirkara.

Undirritaður lýsir yfir fullum vilja til að stuðla að því að þingsáhyktunartillagan verði að veruleika og er reiðubúinn að útvega upplýsingar eða annarskonar aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

Virðingarfyllt,

  
Hákon Stefánsson,  
stjórnarformaður.

Greiningarsvið Creditinfo hefur uppgötvað að villa leyndist í áðursendum gögnum til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna umsagnar Creditinfo í tengslum við þingsályktunar um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðuleikum, 116. mál. Gögn sem greiningarsvið Creditinfo sendi Hákonni Stefánssyni til upplýsinga vegna þessarar greinargerðar voru að hluta til röng. Tölur um Greiðsluþrot fyrirtækja á fyrstu 6 mánuðum ársins 2009 voru of háar og viljum við því senda ykkur leiðréttingu á þeim tölum. Creditinfo vill einnig ítreka það að tölur fyrir greiðsluþrot í maí og júní 2009 eru ekki endanlegar þar sem einhver mál koma ekki til skráningar hjá Creditinfo fyrr en að einum til tveimur mánuðum liðnum. Þetta þýðir að tölur fyrir maí og júní eiga eftir að hækka eitthvað.

Við hörmum að villa skyldi leynast í gögnunum og vonum að þetta muni ekki tefja ykkar vinnu.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 137/597*  
*komudagur 9.7.2009*

Með kveðju,  
 Ómar Berg Torfason  
 Greiningarsérfræðingur

**Réttar upplýsingar:**

	2008		2009	
	Greiðsluþrot	- þar af gjaldþrot	Greiðsluþrot	- þar af gjaldþrot
jan	139	41	147	74
feb	106	57	135	87
mar	140	77	208	99
apr	156	45	141	84
maí	142	75	172	66
jún	143	91	148	90
<b>Samtals</b>	<b>826</b>	<b>386</b>	<b>951</b>	<b>500</b>

\*Tölur fyrir maí og júní 2009 eru ekki endanlegar þar sem að einhver mál eiga enn eftir að koma til skráningar hjá Cif

**Áðursendar upplýsingar: Tölur um greiðsluþrot á árinu 2009 ekki réttar**

	2008		2009	
	Greiðsluþrot	- þar af gjaldþrot	Greiðsluþrot	- þar af gjaldþrot
jan	139	41	183	74
feb	106	57	155	87
mar	140	77	281	99
apr	156	45	190	84
maí	142	75	195	66
jún	143	91	220	90
<b>Samtals</b>	<b>826</b>	<b>386</b>	<b>1224</b>	<b>500</b>

\*Tala fyrir júní 2009 er ekki endanleg þar sem öll mál eru ekki komin til skráningar hjá Cif

Framangreindar upplýsingar eru unnar upp úr gögnum Creditinfo. Creditinfo skilgreinir „greiðsluþrot“ sem gjaldþrot, árangurslaust fjárnám eða tiltekinn fjöldi vanskilafærslna. Fjöldi þeirra fyrirtækja sem hafa lent í greiðsluþroti hefur aukist um tæplega 50% á milli árunna 2008 og 2009, en tæplega 30% aukning er í fjölda gjaldþrota. Að auki er rétt að hafa í huga að 5.100 fyrirtæki eru í áhættuflokkum 9 og 10 skv. áhættumati Creditinfo, en í þeim flokkum eru þau fyrirtæki sem eru í verulegri hættu á að lenda í greiðsluþroti á næstu mánuðum.

Creditinfo spáði í byrjun árs að u.þ.b. 3.500 fyrirtæki færu í greiðsluþrot á árinu 2009 og var sú spá byggð á fyrrgreindu áhættumati félagsins (CIP-áhættumat). Í ljósi þess hve mörg fyrirtæki eru í áhættuflokkum 9 og 10, þá má ætla að spá félagsins gangi eftir.

Varhugavert er að horfa einungis á fjölda gjaldþrota þegar vandamál íslenskra fyrirtækja eru skoðuð þar sem kröfuhafar láta oft hjá líða að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Þannig er rekstrarstaða fyrirtækis sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám hjá jafn slæm og fyrirtækis sem hefur verið sett í gjaldþrot. Framangreindar tölur ættu því að stuðla ennfrekar að brautargengi þingsályktunartillögunnar.

Þó tillagan gangi út á að aðstoða fyrirtæki sem eru í rekstrarvanda vill Creditinfo árétta að draga má úr þeim fjölda fyrirtækja sem líkleg eru til að lenda í greiðsluþroti á næstu mánuðum með tilteknum aðgerðum. Þannig hafa erlendir sérfræðingar félagsins, er hafa smíðað áður nefnt áhættumódel, m.a. kannað áhrif lækkunar stýrivaxta og verðbólgu á spá um greiðsluþrot fyrirtækja. Sé gert ráð fyrir lægri stýrivöxtum/verðbólgu en opinberar spár gera ráð fyrir, þá fækkar þeim fyrirtækjum er lenda í greiðsluþroti umtalsvert.

## II.

Creditinfo lýsir yfir stuðningi sínum við umrædda þingsályktunartillögu og telur fulla þörf á að koma henni til framkvæmda, sbr. hér að framan. Félagið telur mikilvægt að ráðgjafarstofa fyrirtækja eigi auðvelt með að greina á milli þeirra fyrirtækja sem líkleg eru til að geta komist hjá gjaldþroti og þeirra sem ekki verður bjargað, enda ólíkir ferlar sem unnið yrði eftir.

Mikilvægt er að koma fyrirtækjum, sem líkleg eru til að lenda í greiðsluþroti, fjótt til hjálpar. Vandí slíkra fyrirtækja getur vaxið hratt á tiltölulega skömmum tíma og rekstur sem hefði mátt bjarga verður ekki bjargað ef of seint er gripið í taumana. Fyrirtæki þurfa því að vera vel upplýst um hvenær þau geta leitað til ráðgjafastofunnar og þeirri aðstoð sem þar er að fá. Creditinfo er reiðubúið til að veita aðstoð sína til að auðvelda slíkt, án sérstaks endurgjalds.

Vissulega er það þannig að greiðsluferfiðleikar fyrirtækja eru þess valdandi að þau verði gjaldþrota eða fá á sig árangurslaust fjárnám. Að knýja fram slíkar málalýktir er kostnaðarsamt fyrir kröfuhafa og getur því verið til þess fallið að auka tap þeirra ef lítið eða ekkert fæst greitt upp í kröfu.

Það er tvennt sem rekur kröfuhafa áfram í innheimtuaðgerðum sínum, annars vegar möguleiki á að fá kröfu greidda - eða finna eignir sem geta tryggt greiðslu kröfu - og hins vegar heimild til afskriftar kröfu. Ef tilkoma ráðgjafastofu fyrirtækja getur á einhvern hátt mætt þörfum kröfuhafa hvað þessi

atriði varðar, þá er líklegt að vel takist til. Af þeim sökum er rétt að víkja stuttlega að þessum tilteknum atriðum enda ljóst að samkomulag við kröfuhafa er iðulega forsenda áframhaldandi reksturs.


Mikilvægt er að ráðgjafarstofa fyrirtækja geti aflað upplýsinga um allar eignir og skuldir umbj. sinna og upplýst kröfuhafa um eigna- og skuldastöðu. Á þann hátt verður rekstur fyrirtækis gagnsærri og til þess fallinn að draga úr tortryggni kröfuhafa varðandi undanskot eigna og/eða að fyrirtæki greiði einum kröfuhafa meira en öðrum. Verði slíkt tryggt dregur verulega úr þörf kröfuhafa að fara í kostnaðarsamar innheimtuaðgerðir, en ógagnsæi er gjarnan þess valdandi að líttill slaki er í innheimtuaðgerðum. Um leið skapast nýr samningsgrundvöllur á milli aðila, þar sem efndamöguleikar fyrirtækis eru metnir með raunsærri hætti en nú er. Slíkt eykur um leið líkur á því að fyrirtæki geti haldið áfram rekstri.

Kröfuhafar hafa þörf fyrir því að geta afskrifað kröfur, m.a. í þeim tilgangi að fá virðisaukaskatt endurgreiddan (þegar vara/þjónusta er seld greiðir seljandi vsk til ríkisins óháð því hvort krafa fáiist greidd). Til að slíkt sé unnt hafa skattayfirvöld gert kröfu um að afskrift kröfu grundvallist á árangurslausu fjárnámi eða gjaldþroti. Nauðsynlegt er að skattayfirvöld slaki á þessari kröfu og heimili afskrift kröfu á grundvelli yfirlýsingar ráðgjafastofunnar. Komi til þess að krafa greiðist síðar meir þá ber kröfuhafa, lögum samkvæmt, að greiða virðisaukaskatt af því sem hann fær greitt. Fyrrgreint úrræði mundi ekki haggja slíkri skyldu. Á þennan hátt hefðu kröfuhafar augljósan hag af góðu samstarfi við fyrirtæki í greiðsluferfiðleikum og um leið ráðgjafastofuna sem slíka.

Takist vel til með framangreind atriði er ljóst að draga mun verulega úr álagi á dómstóla og sýslumannsembættin um leið og ferli fyrir fyrirtæki í greiðsluvanda yrði skilvirkara.

Undirritaður lýsir yfir fullum vilja til að stuðla að því að þingsályktunartillagan verði að veruleika og er reiðubúinn að útvega upplýsingar eða annarskonar aðstoð eftir því sem þurfa þykir.

Virðingarfyllt,



Hákon Stefánsson,  
stjórnarformaður.





Félags löggiltra endurskoðenda

Alþingi  
Erindi nr. P 137/717  
komudagur 7.08.2009

Reykjavík 9. júlí 2009  
Tilv. FLE 28-2009

**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík**

**b/t Eiríks Áka Eggertssonar, nefndarritara**

**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, 116. mál.**

Með bréfi dags. 24. júní s.l. óskaði Viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Álitsnefndin tók málið síðan til umfjöllunar og taldi hún að ekki væri tilefni til sérstakrar umsagnar um það af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE

Nefndasvið Alþingis  
b/t Efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

9. júlí 2009

Tilvísun: 2009070004

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðuleikum, 116. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 1. júlí sl., þar sem Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðuleikum, 116. mál.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði tillögunnar.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason



Árný J. Guðmundsdóttir

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 7. júlí 2009

## Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

### Tillaga til þingsályktunar, þingskjal 147- 116. mál Um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum

Hagsmunasamtök heimilanna vilja byrja á að þakka sýnt traust til að veita Efnahags- og skattanefnd umsögn um ályktunina.

Meginefni ályktunarinnar er tillaga um stofnun ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, er starfi með svipuðum hætti og ráðgjafastofa heimilanna, að fyrirmynd sambærilegrar stuðningsþjónustu víða í löndum Evrópu.

Hagsmunasamtök heimilanna benda á að skuldastaða atvinnulífsins hefur þrefaldast frá árinu 2004, frá því að bankarnir hófu „útrás“ sína og í lok 2008 voru um 70% af skuldum atvinnulífsins gengistryggðar eða beinar erlendar skuldir. Ljóst er að tekjur atvinnulífsins eru að töluverðu leiti í annarri mynt, en þó engan veginn í samræmi við hátt hlutfall gengistryggðra skulda atvinnulífsins. Telja samtökin ljóst að atvinnulífið telji sig ekki hafa ráð á innlenda verðtryggða lánakerfinu, hafi hafnað því og hafi leitað einhliða í annað kerfi sem það mat viðráðanlegra, í æ meiri mæli undanfarin ár. Gríðarleg og aukin skuldsetning atvinnulífsins á útrásartíma bankanna hlýtur að vera eigið rannsóknar- og umfjöllunarefni, en hefur óneytanlega áhrif á stöðu og möguleika atvinnulífsins í dag.

Ráðgjafastofa heimilanna er, nú eftir eflingu þjónustunnar, að megninu til mönnum starfsfólki úr fjármálageiranum sem gætir einna helst hagsmuna fjármálakerfisins í að finna úrræði sem gera lántakendum kleift að taka á sig stökkbreytta hækkun höfuðstóla þeirra skuldbindinga sem upphaflega var samið um, þannig að útlánatap fjármálastofnana verði lágmarkað. Það er hrein blekking að um sé að ræða hagsmunagæslu lántakenda.

Fjármögnunarkostnaður atvinnulífsins, á verðtryggðum kjörum er alls óviðunandi, enda er atvinnulífið og meðvitað um æ umfangsmeiri samkeppni við erlenda markaði, bæði gagnvart neytendum og einnig í þjónustu og viðskiptum fyrirtækja á milli. Þannig var á sínum tíma háð verðstríð um smásöluvörur, þegar fjölskyldur landsins höfnuðu innlendri álagningu og streymdu úr landi í helgarferðir til verslunar. Undanfarin ár hefur hvert vígið fallið á fætur öðru, þar sem neytendur hafa hafið eigin innflutning á bílum, húsbúnaði, tækjum, afþreyingu, osfrv., eða sótt annað eftir þjónustu, viðskiptum, lækninga og menntun. Atvinnulífið sjálf hefur einnig verið í beinni samkeppni við erlenda markaði, þar sem flugfélög og skipafélög manna áhafnir með erlendu vinnuafli, fjármagna sig erlendis, kaupa búnað og kost erlendis, jafnvel heilu húsin hafa undanfarin ár verð flutt heil til landsins. Á allra síðustu árum var jafnvel veitingahúsageirinn í beinni samkeppni við sambærilegan rekstur í nágrannaríkjunum. Ferðaþjónustan er einnig í beinni samkeppni við aðra markaði, bæði um innlenda og erlenda ferðamenn. Það sama á við iðnaðinn, sjávarútveginn og landbúnað. Mikil áhersla undanfarin ár á fjármálastarfsemi hefur haft gríðarleg áhrif á sveiflur á skráningu krónunnar, sem beint sjónum margra fyrirtækja að gengishagnaði umfram afkomu hefðbundins rekstrar. Áhersla á aukið sjóðstreymi og skammtímahagnað fjármálastofnana, sem hefur tekið sér beina

samkeppnisstöðu við aðrar greinar atvinnulífsins, hefur í raun grafið undan eiginlegri fjármunamyndandi, virðisaukandi og gjaldeyrisþessandi atvinnustarfsemi í landinu.

Ráðgjafastofa fyrirtækja er sjálfsagt þarfaping, sem stuðningur við atvinnulífið í þrengingum, að þeim forsendum gefnum að ráðgjöfin snúist um fyrirtækin sjálf, en ekki hagsmuni fjármálafyrirtækja.

Það þarf þó mun meira til að skapa skilyrði til endurreisnar atvinnulífsins. Slík þjónusta mun td. ekki snúa ofan af síharðnandi alþjóðlegri samkeppni, ferðamöguleikum og tækni. Ljóst er að jafna verður lána og rekstrarkjör fyrirtækja og heimila gagnvart þeim kjörum sem almennt tíðkast í nágrannalöndum okkar. Grafalvarleg skuldastaða heimilanna mun gera uppbyggingu atvinnulífsins mjög erfitt fyrir, þar sem kaupmáttur fer hratt þverrandi, greiðslugeta veðskulda heimilanna er í á tæpasta vaði og veðrymi til nýrra fjárskuldbindinga er í sögulegu lámarki. Vegna hás hlutfalls verðtryggðra veðskulda heimilanna mun sú staða eingöngu versna á komandi misserum, nema gripið verði til tafarlausra leiðréttandi aðgerða, til að skapa atvinnulífinu uppbyggilegan heimamarkað. Versni skilyrði enn frekar eykst hættan á að stór endamarkaður atvinnulífsins (heimilin) gefi sig, sem muni þrengja verulega að þjónustukeðju fyrirtækjanna. Verði ekki tekið á skuldastöðu heimilanna óttast samtökin að það muni einnig skila sér í gríðarlegum verðbólguþrýstingi vegna launakrafna í beinu framhaldi kreppunnar, sem mun gera samkeppnisstöðu og rekstrarskilyrði atvinnulífsins enn erfiðar fyrir. Einnig er hættu á landflótta bæði heimila og fyrirtækja vegna slæmra skilyrða.

Einnig verður að breyta áherslum í starfsemi fjármálafyrirtækja, gera þau meðábyrg fyrir efnahagsstöðugleika og að raunverulegum bakhjörllum atvinnulífs og heimila.


Hagsmunasamtök heimilanna telja sýnt að bein tengsl eru milli fjárhagslegar þróunar heimilanna rekstrarskilyrða atvinnulífsins. Tafarlaus endurskoðun á verðtryggðra lánakerfinu er lykilatriði í aðgerðum til endurreisnar samfélagsins, bæði fyrir heimilin og atvinnulífið.

Stjórn samtakanna bendir á að allar 4 grunnstoðir samfélagsins; þ.e. heimilin, atvinnulífið, fjármálakerfið og hið opinbera verði að komast í gegnum þessar hremmingar og því verði að meta áhrif boðaðra efnahagsaðgerða á allar stoðirnar, bæði til skemmri og lengri tíma.

Með umsögn þessari eru fylgiskjöl sem skýra áherslu- og sáttarsjónarmið samtakanna í málefnum heimilanna, auk greina sem setja stöðu heimilanna í skýrara ljós.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)



Friðrik Ó. Friðriksson  
Marínó G. Njálsson

Fylgiskjöl:

HH Samfélagssáttmáli 090605 m fb

HH Er ábyrgðin heimilanna – 18052009-2

HH Skuldastaða heimilanna – MGN 2009-7

HH Skuldir við lánakerfið 090526

HH Viðhorfskönnun-1 félagsmanna 2009-6

Fjárlaganefnd 03072009



## Fylgibréf með samfélagssáttmála HH

„Ef vér slítum í sundur lögin, slítum vér og í sundur friðinn“

Sættir og málamiðlun í deilum eru lykilhugtök í friðarboðskap þeirra bóka sem skrifaðar voru á mestu ófriðartímum þjóðarinnar, þegar kristni var tekin upp á landinu árið 1000. En hvernig skildu menn þess tíma hugtakið lög? Lög voru alls ekki lagabókstafurinn fyrst og fremst; lögin voru samfélagið sjálft, hin siðræna undirstaða, rétt hegðun gagnvart náunganum, heiðarleiki. Ef lögin voru slitinn, ef samfélagið var brotið upp var ófriður skollinn á. Nú hafa þessi varnaðarorð Þorgeirs Ljósvetningagoða orðið að raunveruleika á okkar tímum, þegar ráðamenn þjóðarinnar hafa “slitið í sundur lögin.”

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna vill með meðsendu fylgiskjali koma á framfæri lykilatriðum um málefni heimilanna inn í umræður um Samfélagssáttmála þann sem nú er í smíðum.

Sem frjálsir þegnar hefur almenningur í landinu kosið sér fulltrúa, sér jafna menn og konur, til að fara með hagsmunamál sín í stjórnslu og lykilstofnunum samfélagsins. Það er gert í því sjónarmiði að jafna stöðu þegnanna á milli, skapa jöfn skilyrði til atvinnustarfsemi og jafnframt að hlúa að uppbyggingu samfélagslegra þátta.

Undanfarin ár hefur þessi skilningur snúist allur á hvolf og þegnarnir eru farnir að þjóna samfélagsyfirbyggingunni og eru orðnir að þrælum fjármálastofnana. Ef skapa á skilyrði fyrir frjálsa þegna til að búa í þessu landi og byggja hér upp atvinnulíf til framtíðar verður að snúa þessum formerkjum aftur við og hlúa að grunnstoðum samfélagsins, þegnum sjálfum, heimilunum í landinu.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna óskar ykkur góðs gengis í þeirri miklu vinnu sem þið eigið fyrir höndum og er boðin og búin til að leggja sitt af mörkum í því samhengi, sé þess óskað.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna, Reykjavík 5. júní 2009

[www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

Póstur þessi hefur og verður einnig sendur til:

Forsætisráðherra

Fjármálaráðherra

Viðskiptaráðherra

Dómsmálaráðherra

Félagsmálaráðherra

Allra þingmanna allra flokka

Ríkissáttasemjara

Stjórnar ASÍ

Stjórnar SA

Stjórnar SI

Allra helstu sambanda og félaga verkalýs og launþega

Sambands Íslenskra sveitarfélaga og aðilarfélaga

Fjölmiðla

Samtökum, stofnunum og talsmanni neytenda



## Markmið og kröfur til nýs samfélagssáttmála

### Markmið

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna telur ljóst að alger forsendubrestur sé kominn upp í veðlánum heimila, bæði hvað varðar verð- og gengistryggð lán, sem vegur að fjárhagslegu sjálfstæði íslenskra heimila og grefur undan tilvist þeirra og framtíðarsýn.

Forsendur endurreisnar eru að leiðréttingar á stöðu mála eigi sér stað í sumar og í framhaldi sameinist hagsmunaaðilar og stjórnvöld um endurmótun og þróun kerfis með það að leiðarljósi að ábyrgð í lánveitingum verði framvegis deilt af meira jafnræði milli lánveitenda og lántaka. Jafnframt verði samtímis hafist handa við að snúa ógnvekjandi skuldastöðu heimilanna við.

Hagsmunasamtök heimilanna setja hér með fram tillögur að leiðum, sem innlegg í nýjan samfélagssáttmála, til að sátt náist aftur milli hins opinbera, fjármálakerfis, atvinnulífs og heimila hér á landi sem allra fyrst. Sú sátt sem hefur varað í fjölda mörg ár, um í raun meingallað fjármálakerfi, var rofin í undanfara bankahrunsins. Ljóst er að hvorki heimilin né atvinnulífið í landinu hafa lengur ráð á núverandi verðtryggðu lánakerfi, sem hlýtur að kalla á fullkomna endurskoðun kerfisins. Til að endurheimta og byggja aftur upp traust milli þessara aðila og koma á nýjum samfélagssáttmála telur stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna nauðsynlegt að vinna að eftirfarandi markmiðum og aðgerðum:

- Meginmarkmið er að efla trú landsmanna á grunnstoðir samfélagsins í kjölfar hrunsins og byggja upp von um sanngjörn og uppbyggileg skilyrði fyrir fjölskyldur hér á landi til framtíðar og koma þar með í veg fyrir upplausn og umfangsmikinn landflóttu.
- Leiðréttu stöðu gengis- og verðtryggðra neytendalána strax í sumar.
- Leitað verði allra leiða til að skapa eins mörgum og hægt er fjárhagslegar forsendur til að halda húsnæði sínu með því að laga til langs tíma greiðslubyrði að greiðslugetu, án þess að lengja stöðugt í lánnum
- Endurvinnna kaupmátt heimilanna með því að draga markvisst úr skuldsetningu þeirra með skýrri sameiginlegri stefnumörkun hins opinbera, samtaka neytenda, launþega og atvinnulífs. Forðast ber þensluhvetjandi úrræði og álögur sem munu hækka beint innlent verðlag og draga þannig úr samkeppnishæfi framleiðslufyrirtækja, útflutningsgreina og ferðaþjónustufyrirtækja.
- Afnema tengingu neysliverðsvísitölu við veðlán neytenda og gera lánakjör veðlána sambærileg og á Norðurlöndunum.
- Koma á virkum samkeppnismarkaði með íbúðarhúsnæði, bæði á eignar- og leigumarkaði.
- Tryggja að allir landsmenn, 18 ára og eldri, geti verið þátttakendur á húsnæðismarkaði eftir efnum, áherslum og aðstæðum.
- Endurskapa fjármálakerfið sem sanngjarnan bakhjarl heimila og atvinnulífs landsins, sem stenst samanburð fjármálakerfa Norðurlandanna.

- Jafna ábyrgð lántakenda og lánveitenda við útlán, m.a. með því að takmarka veð við veðandlag, takmarka kröfur um ábyrgðarmenn, afnema samkeppnishamlandi gjöld og kvaðir fjármálafyrirtækja.
- Snúa kredithagkerfinu í debethagkerfi með áherslu á frjálsan sparnað.
- Tryggja betri vernd og vitund neytenda um rétt og skyldur með eflingu málaflokksins.
- Yfirfara og endurskoða útreikninga og forsendur verðtryggingar og verðbreytinga á núverandi lánasöfnum, fyrir 1.okt. nk.
- Endurskoða lög um greiðsluáðlögun, innheimtukostnað og fyrningarfrest fyrir 1.okt. nk., svo að kynnt úrræði virki í reynd fyrir almenning, séu raunhæf úrræði og þannig að viðreynsar sé von eftir þrot.

### **Bráðaaðgerðir - tillaga HH að nauðsynlegum tafarlausum aðgerðum**

Grunnkrafa er gerð um að ábyrgð og kostnaði sé jafnað milli lántakenda og lánveitenda með leiðréttingu veðlána, samkvæmt tillögum HH á fjárhagslegum skaða þeim sem hlotist hefur í aðdraganda og í kjölfar hruns fjármálakerfisins. Samtökin hafna einhliða boðaðri leið stjórnvalda að deila kostnaði vegna efnahagshrunsins út frá skuldastöðu heimilanna eins og nú er gert með því að knýja fram skuldaviðurkenningu veðkrafna fjármálastofnana. Þessar veðkröfur sem um ræðir eru langt umfram þær skuldir sem upphaflega var stofnað til af samningsaðilum og þar með langt umfram upphaflega samninga og greiðsluáætlanir. Þær fela í raun í sér stórtæka eignaupptöku í eiginfjárlut fjölskyldna í fasteignum, sparnaði og jafnvel ævilanga áskrift fjármálafyrirtækja að framtíðartekjum lántakenda. Samtökin hafna því einnig að hægt sé hægt að senda bakreikninga á verðtryggð lánasöfn heimilanna með beinum hækkunum á neysluverðsvisitölu. Heimilin eru ekki, og mega ekki vera, botnlaus sjálfþökusjóður til að bæta fyrir tjón sem varð vegna óábyrgrar útlánastefnu fjármálastofnana og meingallaðrar efnahagsstjórnar stjórnvalda.

Gerð er krafa um að hrun efnahagskerfisins og þar með vandi heimilanna sé skilgreint sem þjóðhagslegt vandamál, sem beri að taka á með tilstilli sameiginlegra sjóða og taka tillit til í samningagerð við kröfuhafa, þar sem byrðum verði deilt í samræmi við tekjur.

- Ríkissjóður takmarki ábyrgðir sínar á skuldbindingum vegna fjármálastofnana við reglugerðir og samþykktir. Jafnræðis verði gætt í úrræðum og lausnum gagnvart mismunandi eignarformum.
- Leiðrétting gengistryggðra veðlána. Boðið verði upp á að breyta gengistryggðum veðlánnum heimilanna í verðtryggð, sem miðist við gengi lántökudags. Lánið verði síðan uppreiknað miðað við verðbætur frá og með sama tíma.
- Leiðrétting verðtryggðra veðlána. Verðbótaþáttur verðtryggðra veðlána heimilanna verði leiðréttur aftur til 1.janúar 2008 og miðist þá við 4% verðbótaþak skv. hámarks þolmörkum verðbólgu markmiða Seðlabanka Íslands.
- Leiðrétting veðlána taki einnig til uppgjöra á veðlánnum frá og með 1.janúar 2008, þar með talið upp- og ingngreiðslum á höfuðstóla og nauðsamningum.
- Tafarlaust verði sett á stofn sáttanefnd / gerðardómur í anda tillagna Talsmanns neytenda með það að markmiði að forða frekari eignabruna og frekari fjárhagshremmingum heimilanna með sem

skjótvirkustum hætti. Mikilvægt er að almenningur fái sem fyrst skýr jákvæð skilaboð um að stjórnvöld kveði á um jöfnun ábyrðar milli lántakenda og lánveitenda, sem samtímis eflir traust milli almennings, stjórnvalda og fjármálakerfisins og styrkir greiðsluvilja.

- Breyting á lögum um greiðsluaðlögun, skv. tillögum HH sem lagðar voru fyrir Alsherjanefnd Alþingis (sjá vefsíðu [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)). Meginefni tillagna HH voru að úrræðið gildi fyrir alla óháð atvinnuformi. Jafnframt að úrræðið taki strax á skuldum fólks en ekki verði farin leið sem má kalla lengingu á hengingaról með tilsjónarmanni.
- Breyting á lögum um innheimtulög. Krafa HH er að lágmarks neytendavernd komi fram í þessum lögum og reglugerð sem þeim fylgir. Setja þarf % þak á innheimtukostnað t.d. 20% á skuldir innan við 50.000 kr. Koma þarf í veg fyrir göt í lögum, sem gera slyngum innheimtulögfræðingum kleift að nýta sér í innheimtuaðgerðum sínum gagnvart heimilum.
- Breyting á lögum um fyrningu kröfuréttinda. Krafa HH er að fyrning fyrir einstaklinga sé 5 ár og alfarið sé komið í veg fyrir að hægt sé að endurnýja fyrndar kröfur með nokkrum hætti.

#### **Viðsnúningur - tillaga HH að aðgerðum til viðsnúnings á skuldastöðu heimilanna**

Grunnkrafan er að stjórnvöldin í samvinnu við fulltrúa neytenda og verkalýðshreyfinguna setji fram markvissa og tímasetta áætlun um leiðir til að minnka skuldastöðu heimilanna. Árið 1995 voru heildarskuldir 125% af ráðstöfunartekjum og höfðu hækkað í 221% af ráðstöfunartekjum við ársbyrjun 2008 og um 280% við árslok 2008. Á sama tíma hefur skuldastaða heimila hinna Norðurlandanna farið lækkandi.

- Neytendastofnun verði stofnuð að norrænni fyrirmynd og fjármögnuð af ríkinu. Þar verði öll svið neytendamála sameinuð og eflað stórlega. Meginmarkmið er að snúa ofan af sí hækkanði skuldsetningu heimilanna með breytingum á samkeppnisumhverfi helstu útgjaldabátta heimilanna, breytingum á fjármögnun veðlána, aukinni upplýsingagjöf um réttindi, skyldur og efla almenna meðvitund um fjármál heimila og einstaklinga með það að markmiði að hvetja til debetneyslu og frjáls sparnaðar.
- Tafarlaust verði sett á nefnd / gerðardómur sem yfirfari reiknireglur og útfærslur á útreikningi verðbóta út frá neysluverðsvísitölu. Reikniaðferðir fjármálastofnana verði sannreyndar. Komi fram misbrestur á útreikningi lántakendum í hag verði tafarlaust sett fram tímasett áætlun um leiðréttingu.
- Tafarlaust verði sett fram tímasett áætlun um afnám verðtryggingar og að kjör á veðlánnum neytenda verði sambærileg kjörum Norðurlanda. Fram að afnámi verði bæði sett þak á óverðtryggð breytileg veðlán og á verðbætur verðtryggðra veðlána.
- Samkeppnishamlandi gjöld við veðlán verði tafarlaust afnumin. Öll gjöld við afgreiðslu lána endurspegli raunkostnað og verði föst upphæð, óháð upphæð láns.
- Kvaðir fjármálastofnana um umfang viðskipta verði bannaðar.
- Jafna ber ábyrgð lántakenda og lánveitenda við ný veðútlán, með því að lögboðið verði að veð skuli ávallt takmarkast við veðandlag.
- Breytingar á lögum um ábyrgðarmenn, þar sem óheimilt verði að krefjast ábyrgðarmanna við veðlán.



- Skattaumhverfi verði breytt þannig heimilin og menntun verði varin í víðasta skilningi. Koma verður í veg fyrir beina fjárhagslega hvatningu kerfisins til skilnaða og undanskota frá sköttum. Í skattaáherslum séu innbyggðir hvatar til að stofna til heimila / fjölskyldna, þar sem sérstaklega er tekið tillit til barnafjölskyldna. Heimiluð verði nýting persónuafsláttar innan kjarnafjölskyldna, þeas. milli foreldra og ungmenna á framfærslu foreldra sinna. Vaxta- og húsaleigubætur komi til afsláttar á tekjuskatti vegna kaupagreiðslna eða leigugjalds á lögheimili. Hvatt verði til sí- og endurmenntunar með skattaafslætti á útlögðum kostnaði vegna náms og vegna faglegrar símenntunar. Mótuð verði valfrjáls sparnaðarleidd fyrir ungt fólk til fasteignakaupa sem veiti afslátt af tekjuskatti, sbr. BSU kerfi Norðmanna.

#### **Efnahagslegt jafnvægi til framtíðar - tillögur HH**

Grunnkrafan er að slegin verði raunverulegri skjaldborg um heimili landsins og að lausnir í dag skapi ekki augljós ný vandamál til framtíðar, ss. undirliggjandi verðbólguþrýsting vegna yfirþyrmandi persónubundinna skulda heimila og atvinnulífs.

Lágmarka ber umfang þrotáurræða með fyrirbyggjandi aðgerðum til að skjóta styrkari stoðum undir atvinnustig og þar með greiðslugetu og greiðsluvilja, sem munu skila sér í minni undanskotum. Það mun einnig styrkja fjárhagslega stöðu ríkis og sveitarfélaga.

- Lækka verður stýrivexti, lánskostnað og auka almenna lánafyrirgreiðslu tafarlaust til að forða enn frekari þrengingum atvinnulífsins, til að forða frekari útbreiðslu atvinnuleysis.
- Íbúðalánasjóður verður að taka þátt í samkeppni við aðrar fjármálastofnanir með boði á endurfjármögnun fasteignaveðlána og óverðtryggðum lánum.
- Fjölga ber möguleikum á búsetu- og eignarformum heimila til samræmis lausnum á Norðurlöndunum. Ef lánshlutfall verður lækkað sbr. tillögur um takmörkun veðs við veðandlag er ljóst að eftirspurn eftir leiguhúsnæði mun aukast verulega. Ennfremur þarf að stuðla að meiri samkeppni á milli eignar- og leiguforma til að framkalla eðlilegri verðmyndun á fasteignamarkaði.
- Skattaumhverfi verði endurskoðað og endurmetið til jöfnunar og jákvæðrar stýringar til samræmis við norrænt fjölþrepa skattaumhverfi.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna  
Reykjavík 5. júní 2009

## Er ábyrgðin heimilanna?

Nokkur umræða hefur farið fram að undanfögnu um að heimilin hafi sýnt óráðsú í lántökum undanfarin misseri og beri því að axla sínar byrðar vegna þess. Þegar rýnt er í tölur varðandi lán íslenska þjóðarbúsins má lesa úr þeim ýmsar upplýsingar. Síðast liðin fjögur ár hafa erlendar skuldir aukist verulega og langt umfram það sem þjóðarbúið getur borið. Hver er hlutur heimila í þessum lántökum?

### Skuldir heimila við lánakerfið í septemberlok 2008

	Í millj. kr.	Hlutfall
Lán í íslenskum krónum	1.575.014	83,3%
Gengistryggð lán	315.360	16,7%
<b>Samtals</b>	<b>1.890.374</b>	<b>100%</b>

Tafla 1

Heimild: Seðlabanki Íslands

Taflan hér að framan sýnir heildarskuldir heimila við lánakerfið. Hér er um að ræða skuldir við bankakerfið, ýmis lánafyrirtæki, lífeyrissjóði, tryggingafélög og lánasjóð ísl. námsmanna. Samkvæmt því sem taflan sýnir voru gengistryggð lán heimila í lok september 16,7% af heildarskuldum heimila við lánakerfið. Rétt er að fram komi að heimilin eru með eignarleigusamninga að fjárhæð 85.268 m. kr. Ekki liggur fyrir hvernig þessir samningar skiptast á milli gengistryggðra og verðtryggðra samninga. Þessi upphæð er hér talin með lánnum í íslenskum kr. Hún nemur 4,5% af heildarskuldum heimila. Hluti þessara samninga eru gengistryggðir. Ekki er vitað hversu háar þær upphæðir eru.

### Skuldir fyrirtækja við bankakerfið

Aðgengilegar upplýsingar eru til um skuldir fyrirtækja við bankakerfið. Tafla 2 sýnir hvernig skuldir fyrirtækja skiptast á milli íslenskra króna og skulda þeirra sem eru gengistryggðar við bankakerfið.

### Skipting útlána til annarra en heimila í september lok 2008

	Í millj. kr.	Hlutfallsleg skipting
Lán í íslenskum krónum	1.169.635	30%
Gengistryggð lán	2.686.074	70%
<b>Samtals</b>	<b>3.855.708</b>	<b>100%</b>

Tafla 2

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og tafla 2 sýnir voru gengistryggð lán fyrirtækja orðin 70% af heildarskuldum þeirra við innlánsstofnanir í septemberlok 2008. Væntanlega segir þetta nokkuð um þá vaxtastefnu sem rekin hefur verið hér undanfarin misseri. Það hefur verið álit margra að vextir á Íslandi hafi verið orðnir svo háir að almennt hafi fyrirtæki ekki getað staðið undir þeim vaxtakostnaði og því hafi fyrirtæki í auknum mæli tekið gengistryggð lán. Einnig ætti þetta

að segja nokkuð um hver staða íslenskra fyrirtækja almennt er í dag með svo hátt hlutfall af gengistryggðum lánunum.

#### Erlendar skuldir annarra en banka.

Hér er um að ræða aðila sem tekið hafa lán beint hjá erlendum bönkum og lánastofnunum en ekki með milligöngu íslenskra banka. Um er að ræða opinbera aðila, þ.m.t. sveitarfélög, félög í eigu ríkis og sveitarfélaga og væntanlega stór íslensk félög sem hafa haft bolmagn til að taka lán beint hjá erlendum bönkum. Hér er um að ræða skuldir sem staðið verður að mestu við að greiða. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hér er ekki um að ræða hluta af skuldum íslensku bankanna.

#### Erlendar skuldir annarra en banka

í millj. kr.

	2004	2008
Seðlabankinn	142	371.352
Ríki og sveitarfélög	212.384	533.988
Aðrir geirar	173.731	1.136.172
Bein fjárfesting	56.946	247.241
<b>Samtals</b>	<b>443.203</b>	<b>2.288.753</b>

Hlutfall af vergri landsframleiðslu 48,4% 151,2%

Tafla 3

Heimild: Seðlabanki Íslands

Eins og taflan sýnir er gríðarleg aukning erlendra lána. Aukningin er fimm föld á fjögurra ára tímabili, þ.e. frá árslokum 2004 til ársloka 2008. Þessi skuldsetning nemur 151% af vergri landsframleiðslu. Samanborið við 48% af vergri landsframleiðslu árið 2004. Að því gefnu að erlendar skuldir orkufyrirtækja séu að mestu teknar beint erlendis veða þau nokkuð þungt í skuldsetningunni. Þannig eru samtals erlendar skuldir Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, skv. ársreikningum þessara félaga, samtals 515 ma. kr. Erlendar skuldir Landsvirkjunar eru um 80% af skuldum félagsins og Orkuveitu Reykjavíkur um 90%. Fyrir liggur að mörg sveitarfélög hafa tekið lán erlendis sem nú eru að sliga þau.

Að undanfögnu hefur gengisvístala íslensku krónunnar farið hækkandi og því borið við að um sé að ræða þrýsting á krónuna vegna mikilla vaxtagreiðslna af svo kölluðum Jöklabréfum. Umræðan er eins og að ekki þurfi að greiða af öðrum erlendum skuldum. Rætt er um að þessi Jöklabréf séu að höfuðstól um 500 ma. kr. Skuldir annarra en banka eru skv. framanrituðu 2.288 ma. kr. Hér er um að ræða að stórum hluta skuldir vegna hins opinbera og tengdra aðila. Miðað við að vextir af þessum lánunum séu að meðaltali 3,5% gerir það í vaxtagreiðslur á ári um 80 ma. kr. Það er eins og þessar erlendu skuldir þjóðarbúsins gleymist í allri umræðunni. Þessar skuldir hreinsast ekki út með gjaldþroti bankanna. Þessi skuldsetning hlýtur að setja mikinn þrýsting á íslensku krónuna með þeirri afleiðingu að verðlag hækkar. Hverjir bera ábyrgð á þessum lántökum? Heimilin hafa hvergi komið hér nærri.

#### Peningastefna undan gengin ár

Af framan rituðu má ljóst vera að peningastefna íslenskra stjórnvalda undanfarin ár hefur algerlega mistekist. Hún hefur einkennst af háum stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og frjálsu

flæði fjármagns inn í landið. Á sama tíma var nægt fjármagn til á erlendum mörkuðum og stýrivextir annarra Seðlabanka mun lægri en á Íslandi. Á peningastefnunni bera stjórnvöld ábyrgð en ekki heimilin. Stýrivextir á Íslandi hafa verið svo háir að nánast enginn atvinnurekstur hefur getað staðið undir þeim. Á sama tíma hefur boðist erlent fjármagn á mun lægri vöxtum. Þetta hefur leitt til þess að fyrirtæki bæði í einkaeign og opinberri eigu hafa nánast alfarið snúið sér að gengistryggðum lánnum á þeim vaxtakjörum sem viðgengust í viðkomandi löndum. Má í því sambandi nefna m.a. Orkuveitu Reykjavíkur með um 90% af sínum lánnum erlendis frá og hlutfall gengistryggðra lána fyrirtækja hjá bankakerfinu 70%. Háir stýrivextir hafa ekki einungis leitt til þess að leitað hefur verið eftir erlendum lántökum heldur hafa erlendir fjármangseigendur einnig verið tilbúnir að koma með peninga til ávöxtunar á háum vöxtum hér á landi. Miklu hærri en í nágrannalöndunum.

Afleiðingin af þessari stefnu hefur verið sú að hér hefur verið nægt framboð af peningum langt umfram hagvöxt og innlendan sparnað sem síðan hefur komið fram í aukinni verðbólgu. Jafnframt að íslenska krónan var framan af mun sterkari en raunveruleg efni stóðu til. Einnig má ætla að þau fáu fyrirtæki í atvinnurekstri sem tekið hafa lán í íslenskum krónum með svo háum vöxtum hafi þurft að velta kostnaði af þeim lánnum út í verðlagið sem síðan hefur leitt til hærri verðbólgu. Að lokum hrundi allt bankakerfið.

Enn eru stýrivextir á Íslandi mun hærri en í nágrannalöndunum þrátt fyrir að hér sé verulegur samdráttur. Ástæðan er sögð Jöklabréf þrátt fyrir að aðrar erlendar skuldir en banka séu margfalt hærri en svo kölluð Jöklabréf. Háir stýrivextir geta ekki gert annað en ýtt undir verðbólgu þegar fyrirtæki þurfa að taka slík lán svo ekki sé minnst á heild- og smásölu aðila, sem þurfa að fjármagna sig með slíkum dýrum lánnum. Þeir hljóta að velta kostnaðinum beint út í verðlagið. Eitt af brýnustu verkefnum stjórnvalda er að lækka stýrivexti. Hagsmunasamtök heimila vara stjórnvöld við háum stýrivöxtum.

#### **Vara við frekari erlendum lántökum**

Samkvæmt framanrituðu eru erlendar skuldir annarra en banka í árslok 2008 2.289 ma. kr. og nema 151% af vergri landsframleiðslu. Væntanlega hefur þessi skuldsetning leitt til versnandi lánshæfismats á Íslandi. Gert hefur verið samkomulag við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn og nokkur þjóðlönd um lántöku að upphæð um kr. 650 ma. kr. og að auki er rætt um yfirtöku á skuldum vegna gamla Landsbankans vegna svo kallaðra ICESAVE reikninga, að upphæð um kr. 650 ma. kr. Ef af þessu verður er skuldaaukningin samtals um 1.300 ma. kr. til viðbótar við 2.289 ma. kr. Þannig gætu erlendar skuldir þjóðarbúsins verið orðnar um 3.589 ma. kr. í árslok 2009, eða 240% af áætlaðri vergri landsframleiðslu í ár. Rétt er að leggja áherslu á að vegna lántöku vegna ICESAVE reikninga koma peningur ekki inn í landið, heldur einungis skuldaaukning. Hætta er á að þetta geti leitt til enn frekari lækkunar á lánshæfismati Íslands með enn frekari útgjöldum fyrir ríki, sveitarfélög og félög í eigu ríkis og sveitarfélaga. Slíkum kostnaði er síðan velt yfir á heimilin með hækkun skatta, lakri velferðarþjónustu og hækkun þjónustugjalda o.s.frv. Jafnframt gæti þessi lántaka haft neikvæð áhrif á gengi íslensku krónunnar og vegið þar með á móti lántöku frá AGS. Með vísan til framanritaðs vara Hagsmunasamtök heimilanna við frekari erlendum lántökum af hálfu ríkisins.

### Tillaga til sáttar

Af framanrituðu má ljóst vera að það hafa ekki verið íslensk heimili sem farið hafa ógætilegast í erlendum lántökum, því er ábyrgðin ekki þeirra. Sú peningastefna sem fylgt hefur verið hefur neytt fyrirtæki og sveitarfélög til að taka erlend lán. Vegna þessa þurfa m.a. sveitarfélög að finna leiðir til að draga úr kostnaði m.a. að lækka laun starfsmanna, hækka gjöld og skatta, sem allt kemur niður á heimilunum. Að auki eru skuldir heimila að sliga þau. Af framanrituðu má sjá að mistök hafa verið gerð sem nú eru að bitna á heimilum þessa lands án þess að þau hafi komið þar nærri.

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi aðgerðir:

1. Gengistryggðum lánnum verði breytt í verðtryggt lán miðað við það gengi sem var þegar viðkomandi lán var tekið.
2. Vísitala neysluverðs verði leiðrétt. Þannig taki bæði skuldarar og lánveitendur á sig skaðann af bankahruninu.
3. Stýrivextir verði lækkaðir.
4. Upplýsingar um afborganir og vexti af erlendum skuldum annarra en banka verða teknar saman. Samið verði upp á nýtt um þessi lán þannig að greiðslur vegna þeirra taki mið af greiðslugetur þjóðarþúsins, þ.e. afgangi á viðskiptum við útlönd.

Verði farið að þessum tillögum mun fjölda heimila og fyrirtækja verða forðað frá gjaldþroti. Þetta mun leiða til þess að hjól atvinnulífsins fari að snúast að nýju.

Haraldur L. Haraldsson,  
hagfræðingur.

## Skuldastaða heimilanna



### - Athugasemdir Hagsmunassamtaka heimilanna við stöðumat Seðlabanka Íslands

Fimmtudaginn 11. júní hélt Seðlabanki Íslands málstofu þar sem kynnt var greining bankans á ýmsum breytum sem snúa að stöðu heimilanna í því efnahagsfárviðri sem nú gengur yfir. Undirritaður var viðstaddur kynninguna og hefur auk þess skoðað nánar upplýsingar á glærum sérfræðinga Seðlabankans, en glæurnar er að finna á vef Seðlabankans. Niðurstöðurnar eru hér bornar saman við niðurstöður/ályktanir sérfræðinga Seðlabankans.

Helstu ályktanir sérfræðinga Seðlabankans verða skoðaðar betur hér fyrir neðan, ýmist ein af annarri eða fleiri saman.

#### I.

**Seðlabankinn:** „Skuldsetning íslenskra heimila er mikil í alþjóðlegum samanburði þegar hún er mæld í hlutfalli við ráðstöfunartekjur.“

Ekki verður deilt um þessa ályktun Seðlabankans, enda er staða íslenskra heimila mikið áhyggjuefni. Íslensk heimili toppa um þessar mundir lista yfir skuldsettustu heimili í heiminum. Ástæðurnar eru margþættar, en fyrir utan þá miklu skuldaaukningu sem orðið hefur á undanförunum 2 árum, vegna lækkandi verðgildis íslensku krónunnar í alþjóðlegu samhengi og verðbólgunnar sem fylgdi, þá er ein ástæða í viðbót sem vert er að vekja athygli á. Ráðstöfunartekjur íslenskra heimila duga engan veginn fyrir eðlilegum neysluútgjöldum samkvæmt samantekt Hagstofunnar á útgjöldum heimilanna. Meðfylgjandi tafla sýnir dæmi fyrir fjögurra manna fjölskyldu með tveimur fyrirvinnum á meðallaunum.

**Tafla 1: Rekstrarreikningur íslensku vísitölufjölskyldunnar**

Ráðstöfunartekjur (m.v. meðallaun og 2 í vinnu)	IKR
Laun karls (nettó) kr. 260.268 x 12 mán*	3.123.216
Laun konu (nettó) kr. 260.268 x 12 mán*	3.123.216
<b>Samtals</b>	<b>6.246.432</b>
<b>Gjöld</b>	
Neysluútgjöld vísitölufjölskyldunnar <sup>2+2**</sup>	6.925.046
Afborganir af íbúðalánum m.v. 30 ára lán ***	1.077.899
Afborganir af LÍN lánum (3,75% af tekjum)	329.400
<b>Samtals</b>	<b>8.332.345</b>
<b>Hagnaður/tap</b>	<b>-2.085.913</b>

\* miðað við meðallaun og uppfært m.v. þróun launavísitölu til maí 2009

\*\* miðað við neysluútgjöld fyrir fjögurra manna fjölskyldu án húsaleigu og neysluvísitölu til maí 2009.

\*\*\* M.v. meðalskuld íslenskra heimila, 16 mkr., og miðað við 30 ára lánstíma og 4% verðbólgu.

**Langtímalán, skammtímalán, félagsgjöld er ekki meðtalið í útgjöldum (neysluútgjöldum) heimilanna**  
Heimild: Arney Einarsdóttir, Morgunblaðið 16. Júní 2009.

Þessa fjölskyldu vantar sem sagt 8 mánuði af meðalárslaunum til að láta enda ná saman, þrátt fyrir vera með 520 þúsund í ráðstöfunartekjur á mánuði (þ.e. meðalráðstöfunartekjur íslensku vísitölufjölskyldunnar). Þennan mismun tekur fjölskyldan líklegast að láni sem eykur skuldsetninguna.

Vissulega er, samkvæmt tölum Seðlabankans, helmingur barnafjölskyldna með 500.000 kr. eða meira í ráðstöfunartekjur á mánuði, en í þeim tölum kemur ekkert fram hver fjöldi er í heimili, þ.e. hvernig tekjudreifing er eftir fjölda barna.

## II.

**Seðlabankinn: „Greiðslubyrði lána virðist engu að síður vera viðráðanleg fyrir flesta en um 77% heimila þarf að verja innan við 40% ráðstöfunartekna í greiðslubyrði íbúða-, bíla- og yfirdráttarlána.**

**Þegar litið er á stöðu barnafjölskyldna kemur í ljós að 78% hjóna með börn eru með viðráðanlega greiðslubyrði en staða einstæðra er erfiðari.“**

Um þetta er margt að segja. Í fyrsta lagi, þá viðurkennir sérfræðingur Seðlabankans að tölur bankans taka greiðslur lána eins og þær voru í febrúar á þessu ári. Þetta þýðir að greiðslubyrði þeirra, sem fóru í frystingar eða aðrar tímabundnar skilmálabreytingar til að lækka mánaðarlegar greiðslur, á eftir að hækka verulega. Hve mikið er ómögulegt að segja, en nokkuð öruggt er að það verða fleiri en 23% heimila sem nota meira en 40% af ráðstöfunartekjum sínum í fastar afborganir lána. Í öðru lagi, þá eru þessi mörk, þ.e. 40%, í hærri kantinum og eðlilegra að miða við 30% sem viðmið. Hér má spyrja hver hafi ákveðið að það væri viðráðanlegt fyrir heimili að nota allt að 40% af ráðstöfunartekjum í fastar afborganir lána? Í þriðja lagi, skiptir engu máli hvort viðkomandi heimili er með 150 þúsund kr. í ráðstöfunartekjur eða 800 þúsund kr.? Ef heimili sem er með 150.000 kr. þarf að greiða 60.000 kr. í fastar afborganir, þá eru ekki nema 90.000 kr. eftir fyrir öllu öðru og í því samhengi vert að hafa í huga að 49% heimila eru með innan við 250.000 kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði, þar af 66% einstæðra foreldrar. Það er óraunhæft að gera ráð fyrir að heimili í lægri tekjuhópum hafi sama möguleika á því að setja 20-40% af ráðstöfunartekjum sínum í fastar afborganir lána og þeir sem eru í hærri tekjuhópnum.

Varðandi þá fullyrðingu Seðlabankans, að 78% hjóna með börn séu með viðráðanlega greiðslubyrði, þá sýna tölur úr lið I að svo er alls ekki. Hugsanlega er hægt að segja að 44% hjóna sé með viðráðanlega greiðslubyrði, en það eins og allt annað veltur á tölum sem hvergi koma fram, þ.e. hver er fjölskyldustærðin og hvernig dreifist greiðslubyrðin eftir ráðstöfunartekjum hjóna með börn. Hjón með 4 börn og ráðstöfunartekjur upp á 350-650 þúsund eru t.d. í mun verri stöðu en hjón með eitt barn og ráðstöfunartekjur yfir 500 þúsund. Þessi fullyrðing Seðlabankans er því gjörsamlega órökstudd.

## III.

**Seðlabankinn: „Eitt af hverjum sex heimilum er með mjög þunga greiðslubyrði og þarf að verja meira en helmingi ráðstöfunartekna í greiðslur lána.**

**Skuldir þessa hóps heimila sem eru með mjög þunga greiðslubyrði nema um 29% heildarskulda.“**

Aftur komum við að spurningunni um það hvað telst þung eða mjög þung greiðslubyrði. Það veltur algjörlega á samsetningu heimilisins og ráðstöfunartekjum. Um 17% heimila notar yfir 50% af ráðstöfunartekjum sínum í afborganir lána, en þá er ekki öll sagan sögð. Inn í þessa tölu vantar námslán og að hluti lána hefur verið frystur eða aðrar skilmálabreytingar gerðar til að draga úr greiðslubyrði. Nú fara minnst 4 - 5% af tekjum í greiðslur námslána sem er ekki óvarlegt að meta sem 6 - 8% af ráðstöfunartekjum. Stór hluti af þeim sem greiða 40-50% af ráðstöfunartekjum í fastar afborganir eru því komin yfir 50% markið, þegar námslánin bætast við. Það er því ekki eitt af hverjum sex heimilum sem eru með mjög þunga greiðslubyrði, skv. skilgreiningu Seðlabankans á mjög þungri greiðslubyrði, heldur allt að eitt af hverjum fjórum. Síðan má deila um það hvort það að greiða 20-50% af lágum ráðstöfunartekjum í fastar afborganir lána sé ekki örugglega þung greiðslubyrði yfir í það að vera MJÖG þung greiðslubyrði. Hér vantar líka nánari upplýsingar um samsetningu heimilisfólks.

Ég hef stillt upp nýju viðmiði fyrir mjög þunga greiðslubyrði út frá ráðstöfunartekjum. Í töflunni fyrir neðan eru ráðstöfunartekjur á mánuði sýndar í þúsundum króna og greiðslubyrði sem hlutfall (%) af þeim. Í aftasta dálki er sýnd skipting heimila eftir tekjuhópum.

Tafla 2: Greiðslubyrði einstakra tekjuhópa

	0-10%	10-20%	20-30%	30-40%	40-50%	50-60%	60-70%	70-80%	80-90%	yfir 90%	Alls í tekjuhópi
0-150 þ.		28%	19%	10%	7%	4%	0%	3%	1%	18%	22%
150-250 þ.			20%	14%	11%	6%	4%	3%	2%	9%	27%
250-350 þ.			24%	16%	8%	5%	3%	2%	1%	5%	17%
350-500 þ.				13%	5%	3%	2%	1%	1%	3%	15%
500-650 þ.					3%	2%	1%	1%	0%	2%	9%
yfir 650 þ.					2%	1%	1%	0%	0%	2%	10%

(Allar upplýsingar eru úr gögnum Seðlabanka Íslands)

Grænt er viðráðanleg greiðslubyrði, gult er þung greiðslubyrði, en annað er mjög þung.

Miðað við ofangreindar forsendur, þá eru 46% heimila með viðráðanlega greiðslubyrði, 18% með þunga greiðslubyrði og 36% með MJÖG þunga greiðslubyrði. Meirihluti heimila, eða 54% þeirra, eru því með þunga eða mjög þunga greiðslubyrði, en ekki 23% heimila eins og Seðlabankinn heldur fram. Það er mikill munur á 23% og 54% og þetta gerir ekkert annað en að versna, nú þegar lán koma úr frystingu og tímabundnar skilmálabreytingar renna út.

#### IV.

**Seðlabankinn:** „Tæplega helmingur heimila með íbúðalán í erlendri mynt er með yfir 500 þ.kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði.

**Meira en helmingur heimila með íbúðalán í erlendri mynt er með viðráðanlega greiðslubyrði en tæplega fjórðungur er með mjög þunga greiðslubyrði.“**

Aftur vantar upplýsingar til að sannreyna staðhæfingar sérfræðinga Seðlabankans um viðráðanlega greiðslubyrði. Einnig verður að hafa í huga að hér vantar inn gengistryggð lán sem eru í frystingu eða hafa farið í tímabundna skilmálabreytingu. Samkvæmt upplýsingum frá Kaupþingi, þá hefur um helmingur þeirra sem eru með gengisbundin íbúðalán hjá bankanum nýtt sér að frysta lánin.

Gefum okkur að sú greiðslubyrði sem lýst er í gögnum Seðlabankans standi aðeins fyrir 50% af greiðslubyrði eftir að lán koma úr frystingu, þá breytist fullyrðingin um að meira en helmingur heimila sé með viðráðanlega greiðslubyrði. Allt í einu eru 63% heimila með þunga eða mjög þunga greiðslubyrði, þó skilgreining Seðlabankans sé notuð. Raunar eru yfir 50% heimila líklegast með mjög þunga greiðslubyrði. Eina leiðin til að halda meira en helmingi heimila með „viðráðanlega“ greiðslubyrði er því að halda frystingu og skilmálabreytingum áfram. Að halda greiðslubyrðinni, eins og hún var í febrúar, er eina leiðin fyrir stóran hluti heimila í landinu til að geta boðið heimilisfólki upp á mannsæmandi líf.

#### V.

##### Aðrar mikilvægar tölulegar upplýsingar

Seðlabankinn gerir enga tilraun til að skoða eða greina tölur sínar í sögulegu samhengi. Hér fyrir neðan eru teknar saman tölulegar upplýsingar, sem mikilvægt er að hafa í huga. Meðfylgjandi töflur og myndrit sýna glögggt að skuldir heimilanna hafa aukist verulega frá árslokum 2004 til ársloka 2008. Er sama hvaða viðmið er notað, allt ber að sama brunni. Skuldabyrðin hefur aukist gríðarlega og er vart hægt að segja annað en að íslensk heimili séu að komast á vonarvöl.



**Skuldir heimilanna við lánakerfið:** Tafla 3 sýnir að skuldir heimilanna við bankakerfið hækkuðu um 236% frá árslokum 2004 til loka 3. ársfjórðungs á síðasta ári. Á sama tíma hækkuðu skuldir við ýmis lánafyrirtæki (s.s. Íbúðalánasjóð og Frjálsa fjárfestingabankann) eingöngu um tæp 46%.

**Tafla 3. Skuldir heimila við lánakerfið – þróun frá 2004-2008.**


Staða í milljörðum króna í lok tímabils	2004	2005	2006	2007	2008.3
<b>Skuldir heimila við lánakerfið, alls</b>	877	1.083,6	1.323,4	1.546,9	1.890,4
Bankakerfi	306,7	544,4	707,5	834,6	1.029,6
Ýmis lánafyrirtæki	407,3	369,2	421,8	493,1	593,9
Lífeyrissjóðir	86,8	92,5	109,2	129,7	156,0
Tryggingafélag	13,5	8,9	7,2	4,5	10,9
Lánasjóður íslenskra námsmanna	62,7	68,6	77,7	85,1	100,1

(Heimild: Seðlabanki Íslands)

**Skuldir og eiginfjárlutfall samanborið við fasteignamat íbúðarhúsnæðis:** Í töflu 4 hér fyrir neðan eru skuldir heimilanna skoðaðar í samhengi við fasteignamat húsnæðis og hlutfall eigin fjár fasteignaeiganda reiknað. Eins og sést, þá hélst eiginfjárlutfall nokkuð stöðugt á árunum 2004 til 2007, þrátt fyrir að aukning skulda við lánakerfið hafi numið 76,4% á þessum tíma. Helgast það fyrst og fremst af því að fasteignamat hækkaði á sama tíma um 81,0%. Eiginfjárlutfallið féll aftur milli 2007 og 2008 um nærri þriðjung, vegna þess að hækkun skulda og fasteignamats hélst ekki í hendur.

**Tafla 4. Skuldir heimilanna, fasteignamat og eiginfjárlutfall.**

Staða í milljörðum króna	2004	2005	2006	2007	Áætlað 2008
<b>Fasteignamat húsnæðis</b>	1530,7	2032,7	2311,4	2770	2894,1
<b>Skuldir heimila við lánakerfið, alls</b>	877,0	1.083,6	1.323,4	1.546,9	2.017,0
<b>Eiginfjárlutfall %</b>	42,7%	46,7%	42,7%	44,2%	30,3%




**Mynd 1. Samspil skulda heimila við lánakerfið, fasteignamat og eiginfjárlutfall**

Heimild: Seðlabanki Íslands, Fasteignaskrá, Morgunblaðið.

**Skuldir og ráðstöfunartekjur:** Skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa aukist ár frá ári undanfarna áratugi. Þó hér séu aðeins skoðuð síðustu 5 ár, þá nemur hækkunin tæpum 41%. Sé farið aftur til ársins 1994, þá nemur þessi hækkun 87%, þrátt fyrir 240% hækkun ráðstöfunartekna.

**Tafla 5: Þróun ráðstöfunartekna og skulda 2004-2008**

Staða í milljörðum króna	2004	2005	2006	2007	Áætlað 2008
<b>Ráðstöfunartekjur</b>	460,1	522,7	620,2	701,4	750
<b>Skuldir heimila við lánakerfið, alls</b>	877,0	1.083,6	1.323,4	1.546,9	2.017,0
<b>Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum %</b>	191%	207%	213%	221%	269%



Mynd 2: Þróun ráðstöfunartekna og skulda 2004-2008

Heimildir: Seðlabankinn og Haraldur Líndal Haraldsson.

### Samantekt

Það er sama hvernig lítið er á tölur Seðlabankans, þær staðfesta að staða heimilanna er mjög slæm. Skuldir stórs hluta heimila eru háar, eiginfjárstaðan slæm og greiðslubyrðin mikil, þrátt fyrir að ótiltekinn hluti lánanna sé í frystingu eða gerðar hafi verið skilmálabreytingar sem lækka greiðslubyrði á tímabundið. Það, sem er allra verst við upplýsingar Seðlabankans, er að 49% heimilanna eru með 250 þúsund eða minna í ráðstöfunartekjur á mánuði. Þannig að burt séð frá því að greiðslubyrði lána hafi hækkað mikið í kjölfar lækkunar á gengi krónunnar og verðbólgunnar sem fylgdi, þá duga ráðstöfunartekjur ekki fyrir framfærslu fjölmargra heimila. Þessi heimili hafa því neyðst á undanförunum árum til að auka skuldabyrði sína til að framfleyta sér og sínum.

Eitt stærsta verkefni stjórnvalda á næstu árum er að snúa þessari þróun við. Það verður ekki gert nema með því að bjóða almenningi upp á lánaumhverfi, þar sem skuldir lækka við að greitt sé af lánunum. Sá eiginleiki verðtryggða lána að hækka stöðugt, þrátt fyrir að greitt sé af lánunum, er helsta ástæðan fyrir því að fólk leitaði í gengisbundin lán. Þar var boðið upp á lága vexti og að höfuðstóll lánsins lækkaði í viðmiðunargenginu, þegar greitt var af láninu. Meðan gengið helst stöðugt, þá virkar þetta, en enginn gerði ráð fyrir 50% falli krónunnar á innan við tveimur árum, eins og reyndin varð. Lausn vandans felst því í heilbrigðu lánaumhverfi, þar sem lántakendur er boðið upp á óverðtryggð íangtímalán með hóflegum vöxtum.


Höfundur: Marinó G. Njálsson, stjórnarmaður hjá Hagsmunasamtökum heimilanna, sjálfstætt starfandi ráðgjafi um áhættustjórnun og með verkfræðigráðu í aðgerðarannsóknum.

Hagsmunasamtök heimilanna / [www.heimilin.is](http://www.heimilin.is)

### Skuldir atvinnuvega og heimila

	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>	<u>2008,3</u>
Atvinnuvegir	1.452.936	2.205.708	3.075.146	3.836.908	5.516.723
Heimili	877.044	1.083.639	1.323.415	1.546.907	1.890.374
Skuldir alls	<b>2.646.479</b>	<b>3.468.708</b>	<b>4.400.567</b>	<b>5.385.822</b>	<b>7.409.105</b>
Fasteignamat samtals	2.302.534	2.963.893	3.431.037	4.064.965	4.247.053
Brunabótamat	2.903.219	3.063.088	3.541.344	3.876.248	5.106.484

(Fasteignamat og brunabótamat vegna 2008 er miðað við 1. desember)




Heimild: Seðlabanki Íslands, Fasteignaskrá

## Skuldir við lánakerfið

### Skuldir heimilanna við lánakerfið


Staða í m.kr. í lok tímabils	2004	2005	2006	2007	2008,3
Skuldir heimila við lánakerfið, alls	877.044	1.083.639	1.323.415	1.546.907	1.890.374
Bankakerfi	306.685	544.418	707.531	834.596	1.029.558
Ýmis lánafyrirtæki	407.273	369.182	421.834	493.097	593.852
Lífeyrissjóðir	86.826	92.505	109.177	129.708	155.958
Tryggingafélög	13.513	8.889	7.153	4.450	10.896
Lánasjóður íslenskra námsmanna	62.747	68.645	77.720	85.056	100.110



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Skuldir sem hlutfall af fasteignamat í búðarhúsnæðis

	2004	2005	2006	2007	2008
<b>Fasteignamat í búðarhúsnæðis</b>	1.530.717	2.032.662	2.311.443	2.770.000	2.894.081
<i>Skuldir heimila við lánakerfið, alls</i>	877.044	1.083.639	1.323.415	1.546.907	2.017.000
<b>Hlutfall</b>	57,3%	53,3%	57,3%	55,8%	69,7%



Skuldir í árslok 2008 samkvæmt greiningu Íslandsbanka. Fasteignamat fyrir 2007 er fengið úr grein í Morgunblaðinu 18. júní 2008. Fasteignamat í búðarhúsnæðis fyrir 2008 er fengið með því að framreikna mat frá 2007 í samræmi við hækkun allra fasteigna samkvæmt upplýsingum frá Fasteignaskrá.

Heimild: Seðlabanki Íslands, Fasteignaskrá, Morgunblaðið

Haraldur L. Haraldsson, B.Sc og M.Sc(Econ),  
Strandvegi 9,  
Garðabæ.

**Fjárlaganefnd Alþingis,  
Sigurður Rúnar Sigurjónsson, ritari.**

Garðabæ, 3. júlí 2009.

Undanfarna mánuði hefur undirritaður gert nokkuð að því að meta erlendar skuldir þjóðarbúsins og hefur í því sambandi skrifað nokkrar greinar um stöðu íslenska þjóðarbúsins hvað varðar erlendar skuldir.

Með vísan til þessa leyfir undirritaður sér að vekja athygli nefndarinnar á því sem hann hefur nefnt „gleymdar erlendar skuldir“. Hér er um að ræða skuldir aðila sem tekið hafa lán beint hjá erlendum bönkum og lánastofnunum, m.a. opinberir aðilar, þ.m.t. sveitarfélög, félög í eigu ríkis og sveitarfélaga og væntanlega stór íslensk félög sem hafa haft bolmagn til að taka lán beint hjá erlendum bönkum. Þetta eru skuldir sem staðið verður að mestu við að greiða. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að hér er ekki um að ræða hluta af skuldum íslensku bankanna.

Taflan hér að neðan sýnir erlendar skuldir annarra en banka eins og þær voru í árslok 2004 og 2008. Er taflan tekin saman skv. upplýsingum á vef Seðlabankans.

**Erlendar skuldir annarra en banka  
í millj. kr.**

	2004	2008
Seðlabankinn	142	371.352
Ríki og sveitarfélög	212.384	533.988
Aðrir geirar	173.731	1.136.172
Bein fjárfesting	56.946	247.241
<b>Samtals</b>	<b>443.203</b>	<b>2.288.753</b>

Hlutfall af vergri landsframleiðslu 48,4% 151,2%

Heimild: Seðlabanki Íslands


Eins og taflan sýnir hefur átt sér stað gríðarleg aukning erlendra lána hjá þessum hópi lántakenda. Aukningin er fimmföld á fjögurra ára tímabili, þ.e. frá árslokum 2004 til ársloka 2008. Þessi skuldsetning nemur 151% af vergri landsframleiðslu, samanborið við 48% af vergri landsframleiðslu árið 2004. Að því gefnu að gengistryggðar skuldir orkufyrirtækja eru að mestu leyti erlendar vega þær nokkuð þungt í skuldsetningunni. Þannig eru erlendar skuldir Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur, skv. ársreikningum þessara félaga, samtals um 515 ma. kr. Þegar erlendar skuldir minni orkufyrirtækja eru teknar með nálgast þessi tala örugglega um 600 ma. kr. Erlendar skuldir Landsvirkjunar eru um 80% af skuldum félagsins og Orkuveitu Reykjavíkur um 90%. Jafnframt liggur fyrir að mörg sveitarfélög hafa tekið lán hjá erlendum lánastofnunum og eru með hátt hlutfall af erlendum lánum. Eftir því sem næst verður komist eru þessi lán í skilum, sem þýðir að þessir lántakendur hafa að undanfögnu keypt mikið af gjaldeyri til að standa straum af greiðslu afborgana og vaxta og sett þannig mikinn þrýsting á íslensku krónuna.

Að undanfögnu hefur gengisvístala krónunnar farið hækkandi og því borið við að um sé að ræða þrýsting á krónuna vegna mikilla vaxtagreiðslna af svo kölluðum Jöklabréfum. Umræðan er eins og að ekki þurfi að greiða af öðrum erlendum skuldum. Rætt er um að þessi Jöklabréf séu að höfuðstól um 500 ma. kr. Skuldir annarra en banka eru skv. framanrituðu 2.288 ma. kr., að stórum hluta skuldir vegna hins opinbera og tengdra aðila. Miðað við að vextir af þessum lánum séu að meðaltali 3,5% gerir það í vaxtagreiðslur á ári um 80 ma. kr. en að auki falla til afborganir. Miðað við getu okkar til að skila afgangi á viðskiptum við útlönd er hér um verulega háar upphæðir að ræða. Það er eins og þessar erlendu skuldir þjóðarbúsins gleymist í allri umræðunni, því þessar skuldir hreinsast ekki út með gjaldþroti bankanna. Þessi skuldsetning hlýtur að setja mikinn þrýsting á íslensku krónuna.

Samkvæmt framanrituðu eru erlendar skuldir annarra en banka í árslok 2008 2.289 ma. kr. og nema 151% af vergri landsframleiðslu. Væntanlega hefur þessi skuldsetning leitt til versnandi lánshæfismats á Íslandi. Gert hefur verið samkomulag við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn og nokkur þjóðlönd um lántöku að upphæð um kr. 650 ma. kr. og að auki er möguleg yfirtaka á skuldum vegna gamla Landsbankans vegna svo kallaðra ICESAVE reikninga, að upphæð um kr. 650 ma. Ef af þessu verður er skuldaaukningin samtals um 1.300 ma. kr. til viðbótar við 2.289 ma. kr. Þannig gætu erlendar skuldir þjóðarbúsins verið orðnar um 3.589 ma. kr. í árslok 2009, eða 240% af áætlaðri vergri landsframleiðslu í ár. Rétt er að leggja áherslu á að vegna lántöku vegna ICESAVE reikninga koma peningur ekki inn í landið, heldur einungis skuldaaukning. Miðað við 3,5% vexti á ári yrðu ársvextir vegna þessara skulda samtals um kr. 125,6 ma. kr. Að auki falla til afborganir. Vaxtagreiðslur að þessari upphæð nema um 30% af útflutningstekjum á s.l. ári. Af þessu má ætla að þjóðarúið mun ekki hafa gjaldeyrir til að standa undir þessum greiðslum. Að auki bætast síðan afborganir við.

Hjálagt fylgir grein sem undirritaður skrifaði fyrir hönd Hagsmunasamtaka heimilanna og birtist í Fréttablaðinu í lok maí mánaðar. Í greininni er m.a. fjallað um framangreind lán. Lokakafla greinarinnar hefur verið breytt frá greininni sem birtist í Fréttablaðinu.

Virðingarfyllt,



Haraldur L. Haraldsson,  
hagfræðingur.

Hjálagt: Er ábyrgðin heimilanna?

Skrifstofa Alþingis - Nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

B.t. efnahags- og skattanefndar Alþingis


Reykjavík, 9. júlí 2009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðslu-  
örðugleikum, 116. mál.**

Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) hafa borist til umsagnar með bréfi frá efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 1. júlí s.l., tillaga til þingsályktunar um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, 116. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna þessu frumvarpi og leggja til að þingsályktunartillagan verði samþykkt. Varðandi undirbúning að stofnun ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum má hafa til hliðsjónar samkomulag um hlutverk og rekstur Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna frá 7. desember 2007, en fjölmargir aðilar koma að rekstri þeirrar stofnunar. Til að byrja með mætti hugsa sér ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum sem tilraunaverkefni í t.d. þrjú ár og yrði þá framhald starfseminnar endurmetin í ljósi reynslunnar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða.



Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P/137/58/  
komudagur 7.7 2009



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 7. júlí 2009

Efni : Umsögn um 116. mál

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluferfiðleikum (116. mál) er bent á að óveður ríki í íslensku og alþjóðlegu efnahagslífi. Vakin er athygli á aukningu gjaldþrota fyrirtækja og að fjölmörg fyrirtæki eigi þegar í miklum erfiðleikum eða muni lenda í þeim á næstu vikum. Er bent á mikilvægi þess að setja upp stuðningskerfi fyrir þessi fyrirtæki í því skyni að aðstoða eigendur og stjórnendur fyrirtækja við að yfirfara reksturinn, semja við lánardrottna og ráðleggja um framtíð áframhaldandi reksturs.

Að mati Nýja Kaupþings banka er hér vakin athygli á mikilvægu og aðkallandi vandamáli. Því miður hefur fjárhagsstaða meirihluta íslenskra fyrirtækja stórversnað frá því í október sl. Sum þeirra eiga sér enga lífsvon og munu fara í prot, önnur þurfa á róttækri fjárhagslegri endurskipulagningu að halda sem jafnvel kann að leiða til yfirtöku af hálfu kröfuhafa, önnur þurfa á að halda þolinmæði af hálfu kröfuhafa og liðleika þegar kemur að greiðslu afborgana og vaxta og enn önnur munu sem betur fer komast í gegnum erfiðleikana án sérstakrar utanaðkomandi aðstoðar. Bankinn hefur greint stöðu skuldsettra fyrirtækja nokkuð nákvæmlega á síðustu vikum og mánuðum, m.a. í því skyni að skipuleggja vandlega hvernig best er að taka á þeirri stöðu sem nú er uppi. Fjölmörg fyrirtæki nýttu þann möguleika sem fyrst var boðið upp á í október sl. að frysta lán. Á næstunni renna frystingar út og þá verður ekki lengur hjá því komist að taka á skuldavandamálum fyrirtækjanna. Því hefur bankinn lagt kapp á að þróa aðferðir og lausnir sem henta smáum og meðalstórum skuldsettum fyrirtækjum, enda er þar um að ræða mun fleiri fyrirtæki en í hópi þeirra sem teljast til stærri fyrirtækja meðal viðskiptavina bankans. Undirbúningsvinnunni er nánast lokið og bankinn ágætlega í stakk búinn til að vinna tiltölulega hratt í málum þessara smáu og meðalstóru fyrirtækja. Er ráðgert að sú vinna hefjist síðsumars.

Það skiptir miklu máli fyrir endurreisn íslensks efnahagslífs að unnið sé hratt og markvisst á næstu mánuðum við að koma lánamálum fyrirtækja í viðunandi horf. Þeim mun lengur sem það dregst, þeim mun hægari og langvinnari verður endurreisnin. Því er það mat bankans að það að setja á laggir nýja þjónustumiðstöð eins og ráðgjafarstofu fyrirtækja muni ekki gagnast í yfirstandandi erfiðleikum. Til þess er tíminn einfaldlega of knappur og umfang vandans of mikið. Til lengri tíma litíð getur þjónusta af þessu tagi átt rétt á sér en spurning er hvort ekki sé vænlegra að þróa hana innan núverandi ráðgjafar- og stuðningsþjónustu hins opinbera við smá og meðalstór fyrirtæki fremur en að setja á laggir nýja þjónustumiðstöð.

Virðingarfyllt  
  
Finnur Sveinbjörnsson  
bankastjóri

Nýi Kaupþing banki hf.  
Höfuðstöðvar  
Borgartúni 19, 105 Reykjavík  
Sími 444 7000  
Kt. 581008-0150  
www.kaupthing.is



# RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 137/543*  
*komudagur 7.7.2009*

Nefndasvið Alþingis,  
Alþingi  
Austurvelli  
150 Reykjavík

Dagsetning  
7. júlí 2009

Tilvísun  
A-8  
LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðslu-örðugleikum, 116. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að með hliðsjón af lögformlegri stöðu sinni telur stofnunin ekki eðlilegt að taka sérstaka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Alþingi, nefndarsvið  
Vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
nefndaritari efnahags- og skattanefndar  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. júlí 2009 02-2009070011

**Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar 116. mál.**


Ríkisskattstjóri hefur hinn 2. júlí 2009 móttengið bréf yðar dags. 1. sama mánaðar þar sem ríkisskattstjóra er veittur kostur á að gefa umsögn um tillögu til þingsályktunar um ráðgjafastofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum, 116. mál, þskj. 147.

Ríkisskattstjóri bendir á að ef vel tekst til eru vissar líkur á því að minna yrði um að skattgreiðslur fyrirtækja töpuðust vegna þrotameðferðar. Þannig gæti meðferð af því tagi sem flutningsmenn þingsályktunarinnar leggja til, dregið úr ýmissi óreglu sem einkenna fyrirtæki sem komin eru í greiðsluferfiðleika.

Ef tillaga þessi verður samþykkt er augljóst að miklu skiptir hvernig tekst til með samningu lagafrumvarps sem ramma utan um væntanlega ráðgjafastofu heimilanna. Þar þyrfti m.a. að kveða á um skilyrði þess að fyrirtæki fengju slíka fyrirgreiðslu, skilgreiningar ýmis konar, svo sem stærð hlutaðeigandi o.fl.

Ríkisskattstjóri tekur ekki afstöðu til þess hvort mælt sé með samþykkt tillögunnar..

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þóroarson  
ríkisskattstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 137/604  
komudagur 10.7.2009

**SFF**  
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 10. júlí 2009

Alþingi  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um tillögu til þingslályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (116. mál)**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til bréfs nefndarinnar dags. 1. júlí sl. þar sem SFF er veittur kostur á að senda umsögn um tillögu til þingslályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (116. mál).

SFF taka undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að miklir erfiðleikar steðja að íslenskum fyrirtækjum um þessar mundir. Framundan er mikil vinna við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja.


Samtökin telja að stofnsetning ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluvanda kalli hugsanlega á lagabreytingar og einnig á ráðningu fjölmargra sérfræðinga sem þarf að þjálfa til starfans. Þannig mun stofnun ráðgjafarstofunnar reynast bæði dýr og tímafrek.

Í lok árs 2008 komu ríkisbankarnir sér saman um ýmsar vinnuaðferðir sem sem ætlað er að stuðla að því að úrvinnsla útlánvanda verði eins gegnsæ og sanngjörn og kostur er. Í þessu sambandi má sem dæmi nefna stofnun embættis umboðsmanns viðskiptamanna í hverjum banka og að bankarnir settu sér viðmið sem höfð eru til hliðsjónar við úrlausn skuldavanda fyrirtækja. Í þeim viðmiðum er m.a. gert ráð fyrir að ef fleiri en einn banki er í hópi kröfuhafa komi bankarnir og viðkomandi fyrirtæki sér saman um einn banka sem hafi forsvar á málinu. Sá banki sjái til þess að eðlilegt upplýsingaflæði sé á milli þeirra sem að málinu koma. Hefur þessi samvinna gengið vel.

Bankar og sparisjóðir hafa nú þegar til staðar verkferla sem unnið er eftir til að meta lífvænleika fyrirtækja. Þá er í bankakerfinu nú þegar fyrir hendi stór hópur sérhæfðs starfsfólks sem hefur heildaryfirsýn yfir fjármál fyrirtækja í viðskiptum og mikla sérfræðiþekkingu til að vinna að endurskipulagningu þeirra. Áætla má að um 300 starfsmenn sinni þessum málaflokki hjá bönkum og sparisjóðum. Fjármálafyrirtækin hafa því getu til að vinna hratt og vel í þessum málum. Auk þess starfa á almennum markaði fjölmörg ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfa sig í ráðgjöf til fyrirtækja og liggur hjá þeim mikil þekking og reynsla á þessu sviði.

Að mati SFF er hætt á að stofnsetning ráðgjafarstofunnar myndi teyja þá vinnu sem nú þegar er hafin innan bankakerfisins við endurskipulagningur fyrirtækja og þeim fjármunum sem varið yrði í rekstur stofnunarinnar yrði betur varið í önnur verkefni. Leggja SFF fremur áherslu á að mikilvægi þess að styrkja það starf sem nú þegar er unnið í fjármálafyrirtækjunum til úrlausnar skuldavanda fyrirtækja.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jóna Björk Guðnadóttir', is centered on the page. The signature is written in a cursive style and is superimposed on a faint, dotted grid background.

Jóna Björk Guðnadóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 137/570  
komudagur 8.7.2009

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og skattanefnd  
b/t Eiríks Áka Eggertssonar  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 8. júlí 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluörðugleikum (116. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér ríkisstjórninni verði falið að stofna ráðgjafastofu fyrirtækja.*

Viðskiptaráð Íslands tekur vissulega undir áhyggjur flutningsmanna tillögu þessarar. Staða íslensks atvinnulífs er afar bágborin sökum núverandi efnahagsástands og án skjótra aðgerða til úrbóta af hálfu hins opinbera er næsta víst að atvinnulífinu mun hraka enn frekar. Þar skipta hins vegar mestu aðgerðir er miða að endurreisn bankakerfisins og að koma á efnahagslegum stöðugleika, til skemmri og lengri tíma.

Hvað þessa tillögu varðar þá stangast á tvö grundvallarsjónarmið. Annars vegar mikilvægi þess að viðhalda stöðugu atvinnulífi og þar með ásættanlegu atvinnustigi og hins vegar hversu langt hið opinbera á að ganga í þeim efnum og þá hvort stofna eigi opinberar einingar í samkeppni við einkaaðila. Hvað síðarnefnda sjónarmiðið varðar þá hefur Viðskiptaráð ávallt verið mótfallið því að hið opinbera taki á einhvern hátt þátt á samkeppnismörkuðum. Með stofnun ráðgjafastofu af þessu tagi væri sú staða líklegast komin upp, enda veitir fjöldi einkafyrirtækja nú þegar þjónustu af því tagi sem henni er ætlað að veita. Það er vissulega unnt að færa rök fyrir því að núverandi efnahagsástand sé í sjálfu sér næg ástæða til að gera undanþágu frá þessu. Að auki er alveg víst að einyrkjar og lítil og meðalstór fyrirtæki standa verr að vígi þegar kemur að fjárhagslegri endurskipulagningu en stærri fyrirtæki og rík ástæða getur verið til að koma sérstaklega til móts við þau.

Að mati Viðskiptaráðs verður þó ávallt að staldra við og meta hvort tillögur af þessu tagi, og fordæmið sem þær setja, séu annars vegar vænlegar til lengri tíma litið og hins vegar hvort unnt sé að ná tilgangi þeirra með öðrum og vægari hætti. Hvað fyrrnefnda atriðið varðar er ljóst að ef ráðgjafastofa af þessu tagi tekur til sín töluverð viðskipti frá einkafyrirtækjum á þessum markaði þá munu þau verða fyrir verulegum búisfjum. Það kallar á aðhaldsaðgerðir sem gætu leitt til uppsagna og með því hefði ráðgjafastofan öndverð áhrif m.v. upphaflegan tilgang. Slík þróun myndi jafnframt skekkja samkeppnisstöðu einkafyrirtækja á þessum markaði, en þar vísast til álits Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 þar sem segir: *“Reynsla annarra ríkja af efnahagskreppum og rannsóknir fræðimanna sýna að aðgerðir til þess að efla samkeppni stuðla að hraðari endurreisn atvinnulífsins. Sömu heimildir sýna að ráðstafanir sem takmarka samkeppni framlengja og auka á efnahagsörðugleika og vinna þar með gegn bata.”*

Þó ljóst sé af tillögu þessari að um neyðarúrræði sé að ræða er rétt að velta því upp hvort ráðgjafastofan gefi síðar meir átyllu til svipaðra og/eða umfangsmeiri aðgerða á öðrum samkeppnisviðum. Hvað það

varðar gæti hið opinbera t.a.m. ákveðið að efla minjagripagerð héraendis með sérstökum styrkjum eða jafnvel stofnun framleiðslufyrirtækis á því sviði. Að auki gæti ríkið ákveðið að hefja innflutning á ýmsum nauðsynjavörum og staðið fyrir smásölu þeirra í því skyni að lækka vöruverð o.s.frv. Þó þessar hugmyndir virðast fljótt á litið fjarlægjar sýna atburðir síðustu missera að skjótt skipast veður í lofti. Það er því mat Viðskiptaráðs að ef unnt er að ná sömu markmiðum með öðrum og vægari hætti, t.a.m. að upplýsa með skilmerkilegum um hætti helstu opinberu úrræðin á sviði fjárhagslegrar endurskipulagningar og vísa þar til þeirra aðila sem veita sambærilega þjónustu og ráðgjafastofunni er ætlað, er rík ástæða til að gera svo.

Þrátt fyrir framangreint þá sýnist undirrituðum sem svo að flutningsmenn tillögu þessarar hafi hugað að þessum álitaefnum við smíði tillögunnar. Þar vísast einkum til greinargerðar hennar þar sem segir: *“Stofan myndi leiða samvinnu endurskoðenda, fjármálastofnana, lögfræðinga, skiptastjóra, dómstóla, Ábyrgðarsjóðs launa og ríkisskattstjóra til að hjálpra rekstraraðilum að komast út úr erfiðleikum eða taka ákvörðun um rekstrarstöðvun.”* M.v. þetta virðist það ekki vera ætlunin að stofna ríksráðgjafafyrirtæki í samkeppni við einkaaðila heldur öðru fremur að auka aðgengi fyrirtækja í rekstrarörðugleikum að einka- og opinberum aðilum á þessu sviði og efla markvisst samstarf á milli þessara aðila til hags fyrir umrædd fyrirtæki. Sé það reyndin er tillaga þessi allra góðra gjalda verð.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs